

SAMÞYKKT

breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð í Suður-Pingeyjarsýslu nr. 8 15. febr. 1931.

2. gr. samþykktarinnar hljóði þannig:

Sýsluvegir í Suður-Pingeyjarsýslu eru þessir:

1. *Svalbarðseyrarvegur*: Álma af þjóðveginum niður á Svalbarðseyri.
2. *Kljástrandarvegur*: Af þjóðveginum í Höfðahverfi að Kljáströnd.
3. *Látrastrandarvegur*: Af þjóðveginum hjá Grenivík út að Svinárnesi.
4. *Dalsmynnissvegur*: Af þjóðveginum hjá Skógum vestan við Fnjóskárbrú að Laufási.
5. *Fnjóskadalsvegur ytri*: Af þjóðveginum hjá Hálsi út Fnjóskadal austan Fnjóskár á þjóðveginum austan Fnjóskárbrúar hjá Laufási.
6. *Fnjóskadalsvegur innri*: Af þjóðveginum hjá Skógum, suður Fnjóskárdal, vestan ár, að Reykjum, og um Þórðarstaðavað yfir Fnjóská, suður að Sörla-stöðum, austan ár.
7. *Flateyjarvegur*: Frá Baldurshaga að Bjargi í Flatey.
8. *Köldukinnarvegur*: Af þjóðveginum, vestan Skjálfandafljótsbrúar, út að Björgum.
9. *Bárðardalsvegur vestari*: Af þjóðveginum, vestan Skjálfandafljótsbrúar við Torfhól, að Mýri í Bárðardal.
10. *Bárðardalsvegur eystri*: Af þjóðveginum, austan Skjálfandafljótsbrúar, að Stórutungu.
11. *Mývatnssveitarvegur syðri*: Af þjóðveginum hjá Arnarvatni að Baldursheimi.
12. *Mývatnssveitarvegur nyrðri*: Frá Reykjahlíð, norðan og vestan Mývatns, á þjóðveginum vestan Arnarvatns.
13. *Stafnshverfisvegur*: Frá þjóðveginum við Narfastaði að Stafni í Reykjadal.
14. *Laugaskólavegur*: Álma af þjóðveginum að Laugaskóla.
15. *Seljadalsvegur*: Af þjóðveginum hjá Einarssstöðum að Skógarseli.
16. *Laxárdalsvegur*: Af Staðabraut, vestan Laxár, suður Laxárdal og yfir ána á Brettingsstaðabru.
17. *Staðavegur*: Af Aðalreykjadalabraut um Staði, yfir Laxá á Brúum, norður Hvamma að Yztahvammi.
18. *Sandsbæjarvegur*: Frá þjóðveginum hjá Núpafossi að Hraunkoti og Sandi.
19. *Reykjahverfisvegur*: Af Aðalreykjadalabraut hjá Laxamýri, um Reykjahverfi að Hveravöllum og þaðan á Staðabraut.
20. *Húsavíkurvegur*: Um Húsavík á þjóðveginum suður og norður úr kaupúninu.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Pingeyjarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. maí 1940, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. apríl 1940.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.